

NÝTT HJÚKRUNARHEIMILI Á HÖFN Í HORNAFIRÐI

Megininntak

Tillagan byggir á þeirri megin forsendu að skapa íbúum heimilislegt umhverfi sem býður upp á fyrsta flokks aðstaður til stuðnings og umönnunar samhlíða því að skapa starfsfólki góða og skilvirka vinnuaðstöðu.

Markmiðið er að íbúum, starfsfólki og gestum líði sem best. Með það að leiðarljósi er lögð er áhersla á að fanga heilandi áhrif þess að geta notið dagsbirtu og sjónrænnar upplifunar af náttúrunni. Annars vegar útsýnis til hafis og fjalla og hins vegar afmarkaðri nær útsýni til gróðurs og vatns. Tillagan er mótuð á þann hátt að einkarými njóti fjar útsýnis og umhverfisgæða en innri umferðarleiðir og stoðrymi njóti dagsbirtu og upplifunar gróðurs, veðurbrigða og ljósbrots í vatni með tengslum við ljósgarða. Félagssými svo sem stofur, borðstofur og fjölnotasalur hafa auk þess greitt aðgengi að útsvæðum, ýmist á veröndum, svölum eða í gördum.

Lýsing á skipulagi

Um er að ræða nýbyggingu á 2 hæðum sem tengist Skjólgarði um tengingang á báðum hæðum. Byggingin er 1 hæð við Víkurbraut, en hallandi landslag til vesturs er nýtt til að móta bjarta neðri hæð sem nýtur störfenglegs útsýnis til suðvesturs, vesturs og norðvesturs. Öll heimilin eru staðsett í nýbyggingunni en fjölnotasalur, dagdvöl og ýmis sameiginleg rými og stoðrymi eru í Skjólgarði.

Nýr aðalinnangangur er mótaður á milli Skjólgarðs og nýbyggingarinnar, í góðum tengslum við fjölnotasal, dagdvöl, heimili, sjúkrarými og stjórnumarrými. Jákvað áhrif þeirra umhverfisgæða sem nefnd eru hér að ofan eru mjög mikilvæg þeim sem þurfa á langvarandi umönnunar- og hjúkrunarþjónustu að halda jafnt þeim sem sinna þjónustunni. Ennfremur er lögð rík áhersla á að skapa vistlegar og heimilislegar aðstaður jafnt í haganlega útfærðum einkarýmum sem og í sameiginlegum félagssýmum íbúa. Setustofur í mismunandi stærðum er að finna á sameiginlegum svæðum heimilanna sem gefur heimilisfólki og gestum færi á að sitja í þægilegu umhverfi af hæfilegri stærð hvort sem um er að ræða stóran hóp eða fáa einstaklinga. Borð- og setustofur eru stærstu félagssými hvers heimilis en á efri hæð er gert ráð fyrir fellivegg á milli tveggja slíkra rýma sem býður upp á möguleika á enn stærra sameiginlegu rými.

Boðið er upp á fjölbreytta valkost góðra útsvæða fyrir heimilismenn og tengjast borð- og setustofur verönd eða svölum til suðurs. Smærri verandir, svalir og ljósgarðar til útivistar eru aðgengileg frá heimilum. Ennfremur er sameiginleg útsvæði fyrir öll heimilin til vesturs. Annars vegar rúmgóður reaktunar- og útivistargarður á neðri hæð og hins vegar verönd á efri hæð í tengslum við fjölnotasal.

Við útfærslu lóðar er gert ráð fyrir að tengja göngustiga við stig sem liggur meðfram strandlengjunni og bjóða upp á hringleið umhverfis lóðina.

Lögð er áhersla á að starfsfólk jafnt sem íbúar njóti gæða ljósgarða og umhverfis og eru starfsmannarými staðsett þannig að þau njóti birtu og útsýnis ljósgarða. Auk þess eru staðsetningar þessara rýma miðlæggar, gefa kost á góðri yfirsýn innan heimila og góðum tengingum og yfirsýn á milli heimila. Ennfremur er lögð áhersla á að öll aðstaða starfsfólks verði sem best á heimilunum sjálfum, hvort sem er í eldhúsi-, borðstofu- og stofurýmum, á útsvæðum eða innan einkarýma íbúa. Góð yfirsýn er frá borð- og setustofurýmum bæði innan heimilis og á milli heimila auk þess sem vegalengdir eru stuttar. Í einkarýmum er lögð áhersla á góða aðstöðu fyrir umönnun bæði í herbergjum og á badherbergjum. Einkarými má búa bestu fánlegu velferðartækni, kjósi verkkaupi það. Er gert ráð fyrir að í hverju einkarými verði kallkerfi, þar geti verið lyftubrautir og mögulega sérhæfðari búnaður eins og gólf-nema kerfi sem skynjar ef íbúar detta, salerni með sjálfvirkri skulun og þurrkun og/eða hæðarstíllanleg hreinlætistækni. Mælt er með að við útfærslu og val á slíkum lausnum verði metin rekstrarlega hagræðing, öryggissjónarmið, möguleikar íbúa til að vera sjálfbjarga og vinnuaðstaða starfsmanna annars vegar og stofnkostnaður hins vegar.

Lýsing á frágangi byggingar

Í tillögunni er lögð áhersla á vandaða vistvæna byggingarlist sem fellur vel að umhverfi sínu. Litaval, form og ytri hlutföll vísa til þeirra bygginga sem fyrir eru á lóðinni en þó þannig að nýbyggingin hafi sín eigin einkenni.

Gert er ráð fyrir að megin burðarvirki verði úr krosslimdum timbureiningum (CLT), en sú lausn hefur lítið vistspor í samanburði við steinsteypu og hefur reynst hagkvæmur kostur, þá sérstaklega við framkvæmdir utan höfuðborgarsvæðisins. Jafnframt býður lausnin upp á framúrskarandi eiginleika með tilliti til hljóðvistar auk þess sem nýta má hlýlega útlitseiginleika efnisins þar sem það á við. Þó er bent á að lausnin stendur ekki og fellur með þessari útfærslu burðarvirkis og væri hægt að útfæra tillöguna með steinsteypu ef þörf krefur.

Þak hússins er víðsnúð og lagt gróðurþekju.

Gert er ráð fyrir að byggingin verði klædd trefastyrktri, steyptri útveggjaklæðningu, annars vegar stórum skifum í hvítum lit og hins vegar mjóum lóðréttum renningum í rauð-brúnleitu litatónum. Gluggar verða viðargluggar með litaðri ál veðurkápum.

Innanhúss er almennt gert ráð fyrir að veggir verði málaðir, en á völdum stöðum verði viðarferð timbureininga látin njóta sín. Gólf í umferðarleiðum og félagssýmum verði lögð í línuleum dúk en herbergi einkarýma verði lögð vinyll parket flisum eða línuleum dúk. Badherbergi verða flisalögð. Í umferðarleiðum og félagssýmum er gert ráð fyrir hljóðdempandi kerflisloftum.

Lögð er áhersla á að byggingarefni verði valin með hliðsjón af vistferliskostnaði og heilnæmi innra umhverfis byggingarinnar.

Til að mæta kröfum byggingareglugerðar um loftskipti er gert ráð fyrir að vélrænt loftrásikerfi þurfi í hjúkrunarheimilið. Gólfhitakerfi er talið henta byggingunni vel, en jafnframt er mögulegt að útfæra hönnunina með hefðbundnu ofnakerfi.

Gert er ráð fyrir að núverandi gróðurþekja lóðarinnar verði ráðandi einkenni í lóðarfrágangi. Útsvæði verða almennt hellulögð, en þó er gert ráð fyrir timburveröndum á völdum stöðum. Jafnframt er gert ráð fyrir að nýta megi gabbbró, námað í nágrenninu, á völdum stöðum sem steinskífur í stéttar. Runnagróður verður næst húsi og trjategundir úr íslenskri náttúru verða gróðursettar á völdum stöðum umhverfis hús og í ljósgörðum. Göngustigar verða ýmist hellulagðir eða malbikaðir og bílastæði malbiköð.

Helstu stærðir:

Samtals brúttóflatarmál: 1930 m²

Samtals brúttóflatarmál viðbótarrýma: 278 m²

Alls nýtt hjúkrunarheimili að meðtöldum breytingum á núverandi húsnæði og viðbótarrýmum sveitarfélagsins: 2.208 m²




Útlit austur 1:200

Útlit vestur 1:200



útlit suður 1:200




útlit norður 1:200




afstöðmynd
1:500



skipulagsuppráttur 1:2000



helstu útsvæði á efri hæð



helstu útsvæði á neðri hæð



aðalinnangangur



efri hæð - vestari ljósgarður



efri hæð - eystri ljósgarður




einkarými



efri hæð viðbyggingar



neðri hæð viðbyggingar



efniskennð utanhúss - trefjastyrkt, steipt útveggjaklæðning



efri hæð - borðstofa / setustofa



neðri hæð - vestari ljósgarður